

# GJALDSKRÁ 2017

fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar.

## I. KAFLI

### Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

## II. KAFLI

### Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs, ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

### Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald 15,06 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

### Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 7,48 kr. á mælieiningu fyrir skip að 20.000 brt. en 8,97 fyrir skip stærri en 20.000 brt. hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, 105,87 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 118,3 kr. á mánuði. Bátar minni en 20 brt. greiði þó aldrei lægra en 7.708 kr. á mánuði. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Skip, sem ekki eru í rekstri né leggja upp afla hjá höfnum Ísafjarðarbæjar, skulu greiða fullt bryggjugjald fyrir hvern legudag og njóta ekki afsláttarkjara í formi mánaðargjalda. Skip ekki í rekstri telst það skip sem legið hefur lengur en einn mánuði í höfn eða leggur ekki upp afla hjá höfnum Ísafjarðarbæjar.

### Vörugjöld.

6. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

1. flokkur 343,0 kr. á tonn.  
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. flokkur 570,0 kr. á tonn.  
Lýsi og fiskimjöl.
3. flokkur 628 kr. á tonn.
  - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
  - b) Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjavörur og ávextir.

Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.

- c) Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.
- d) Af vörum sem er landað og lestað með strandsiglingum greiðist aðeins helmingur vörugjalda í hverjum verðflokki.

4. flokkur 1.583,0 kr. á tonn.  
Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

5. flokkur aflagjald 1,58%.

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af 0,79% heildarverðmæti aflans svk. breytingar á lögum nr. 61/2003 samþ. af Alþingi 14/6/2010 breyting á 17gr. fyrrgreindra laga d.lið.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd. Gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði ef söluuppgjör berst ekki til hafnarinnar.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu Íslands. Við sölu afla til skyldra aðila svk. 3.mgr. 9.gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, skal að lágmarki miðað við skiptaverð Verðlagsstofu Skiptaverðs.

Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarstöðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Hámarksgjald samkvæmt 4. flokki 6.340,0 kr. fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum 675 kr.

#### **Farþegagjöld.**

7. gr.

Fyrir hvern fullorðinn með farþegabátum og skemmtiferðaskipum 75 kr.

Fyrir hvert barn með farþegabátum og skemmtiferðaskipum 37,5 kr.

Skemmtiferðaskip skulu skila inn farþegalistum minnst einum sólahring fyrir komu en farþegabátar með áætlunarsiglingar til og frá Höfnum Ísafjarðarbæjar skila inn gögnum um fjölda farþega mánaðarlega.

#### **Siglingarvernd (ISPS).**

8. gr.

Öryggisgjald fyrir skip sem falla undir skilgreiningu hafniverndar 43.820 kr. á komu

Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í dagvinnu 5.126 kr. klst.

Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í yfirvinnu 8.346 kr. klst

#### **Þjónustugjaldskrá.**

9. gr.

*Rafmagn.*

Rafmagnssala 16,4 kr. á kwst.

Rafmagnsmælar fyrir smábáta 55.046 kr.

Rafmagnstenglagjald fyrir flotbryggjur og trébryggjur 3.876 kr.

Rafmagnstenglagjald fyrir hafskipakant 8.995 kr.

Rafmagnsgjöld breytast án fyrirvara samkv. breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

## 10. gr.

*Hafnsaga.*

|   |                       |
|---|-----------------------|
| Hafnsögugjald   | 6,0 kr. á mælieiningu |
| Hafnsögugjald til og frá höfn   | 7.776 kr.             |
| Hafnsögugjöld skulu greidd fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi 3.888 kr. fyrir hvert skip, auk 6,0 kr. á mælieiningu (mestu brúttóstærð). Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf t Hafnsögugjald. |                       |

## 11. gr.

*Leigugjöld.*

|  |                                   |
|--|-----------------------------------|
| Leiga á gámvöllum svæði A                    | 82 kr. hver fermetri á mánuði     |
| Leiga á gámvöllum svæði B                    | 56 kr. hver fermetri á mánuði     |
| Leiga á gámvöllum aðstaða við rafmagnsbrunna | 183 kr. hver fermetri á mánuði    |
| Leiga í geymsluportu Suðurtanga              | 86 kr. hver fermetri á mánuði     |
| Hafnarbakkaleiga                             | 296 kr. fyrir tonnið eða m3 á dag |
| Leiga á kranalykli                           | 3.635 kr. hvert skipti            |
| Leiga á Lyftara m/manni                      | 10.558 kr. á klst.                |
| Leiga á flotgirðingu                         | 9.466 kr. á klst                  |
| Stöðuleyfi vinnuskúra á hafnarsvæði          | 16.892 kr. m2. á ári              |

Einungis er heimilt að hafa gáma sem eru í beinum tengslum við ferminu eða afferminu úr skipum. Gámar og annar varningur skal fjarlæggt við fyrsta tækifæri þegar vinnu við skip er lokið en ef því verður ekki viðkomið skal óskað leyfis hjá höfninni.

Óheimilt er að geyma veiðarfæri og tilheyrandi búnað á hafnarköntum. Einnig er óheimilt að setja eða geyma allskonar varning sem ekki er að koma eða fara í skip á svæði hafnarinnar.

Hafnarstarfsmönnum er heimilt að láta fjarlægja varning þann sem settur er á hafnarvæðið á kostnað eiganda eða beita sektum allt að kr. 4498 á sólarhring sé óskum um hreinsun ekki sinnt.

## 12. gr.

*Hafnsögubátur.*

|   |            |
|---|------------|
| Fyrir hverja byrjaða klst. á innri höfn   | 21.718 kr. |
| Fyrir eina ferð með hafnsögumann  | 21.718 kr. |
| Fyrir hverja byrjaða klst. utan innri hafnar                                      | 45.285 kr. |
| Fyrir björgun, slef eða aðstoð við skip og báta. Samkv. samkomulagi LÍU/tryggfél. |            |

## 13. gr.

*Vatnsgjald.*

|  |                        |
|--|------------------------|
| Vatn fyrir báta undir 15 brt.                                    | 1.493 kr. á mánuði     |
| Vatn fyrir báta 15-30 brt.                                       | 2.990 kr. á mánuði     |
| Kalt vatn afgreitt til skipa yfir 30 brt. Lágmarks magn 15 tonn. | 328 kr./m <sup>3</sup> |
| Vatn afgreitt utan reglubundins vinnutíma                        | 4.954 kr.fyrir útkall  |

## 14. gr.

*Móttaka skipa.*

|   |            |
|---|------------|
| Festagjöld fyrir hvern starfsmann í dagvinnu  | 10.343 kr. |
| Festagjöld fyrir hvern starfsmann í yfirvinnu   | 15.684 kr. |
| Greiða skal festargjald bæði við komu og brottför skipa. Þegar skip leggur að bryggju skal a.m.k einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því. Heimilt er að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum. |            |

## 15. gr.

*Sorphirðugjöld.*

|                                 |           |
|---------------------------------|-----------|
| Móttaka á sorpi ein ferð í Funa | 9.519 kr. |
|---------------------------------|-----------|

Einnig skal greiða fyrir innvegið magn af sorpi svk gjaldskrá sorpmóttakanda.

- a.) Úrgangsgjald: Við komu skips til hafnar skal greiða 0,67 kr/grt gjald sem skal standa undir kostnaði vegna eftirlits umsýslu vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald 5.018 kr og hámarksgjald 44.032 kr.
- b.) Úrgangsgjald gjald sem er lagt á vegna a liðar má lækka ef skipstjóri getur sýnt framá að minni úrgangur verði til um borð í skipinu þá er lágmarksgjald 5.018 en hámarksgjald 22.530 kr.
- c.) Úrgangsgjald: Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á árinu greiða svk b lið fyrir fimmtu komu og allar komur eftir það.
- d.) Skip og bátar sem hafa varanlega viðlegu í höfnum Ísafjarðarbæjar skulu greiða fast mánaðargjald vegna umsýslu og eftirlits hafnar vegna móttöku á sorpi. Gjaldið skal vera 5.120 kr á mánuði.
- e.) Förgunargjald: Óski skipstjóri eftir að höfnin taki á móti sorpi skal greiðast fast gjald 10.240 kr fyrir hvern rúmmetra og skal það vera lágmarksgjald. Kjósi Skipstjóri eða útgerðarmaður eftir þjónustu viðurkends sorpmótökuaðila þá greiðs hann allan kostnað þar að lútandi og skal skila til hafnarinnar útfylltu eyðublaði um magn og sundurliðun þess úrgangs sem skilað er í land. Misbrestur á þessu getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
- f.) Förgunargjald: Skip sem eru undanþegin gjaldskildu svk 1.tl 2. Mgr. 17. gr. Hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun og förgun sorps hvort sem óskað er eftir viðurkenndum móttökuaðila eða ekki.
- g.) Skipstjóri eða eigandi skips sem hefur fengið undanþágu frá Umhverfisstofun um skil á sorpi eða farmleyfum eða tilkynningum skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

16. gr.

*Vogargjöld.*

|                                    |                              |
|------------------------------------|------------------------------|
| Almenn vigtun                      | 198 kr. á tonn               |
| Vogargjald smábáta lágmarksgjald   | 729 kr.pr löndun             |
| Flutningabílar og skoðun á bílavog | 2.040 kr. á skipti           |
| Lágmarksgjald Vöruvigtun           | 1.440 kr.Hver einstök vigtun |
| Útkall við vigtun í yfirvinnu      | 4.780 kr.                    |

17. gr.

*Viðlegugjöld.*

|   |                            |
|---|----------------------------|
| Bátar undir 20 brt.                         | 7.871 kr. á mánuði         |
| Bátar yfir 20 brt.                          | 12.057 kr. á mánuði        |
| Bátar undir 20 brt. fast legupláss          | 9.997 kr. á mánuði         |
| Bátar yfir 20 brt. fast legupláss           | 15.566 kr. á mánuði        |
| Daggjald bátar undir 20 brt.                | 2.106 kr.                  |
| Daggjald bátar yfir 20 brt.                 | 2.960 kr.                  |
| Skip yfir 80 brt.                           | 109,00 kr. á brt. á mánuði |
| Uppsátursgjald                              | 2.502kr. á mánuði          |
| Daggjald eldiskvíá við bryggju eftir 2 daga | 2.106kr.                   |

18. gr.

*Skráningargjald og önnur gjöld.*

|  |                |
|--|----------------|
| Kranagjald, löndun með hafnarkrana               | 299 kr. á tonn |
| Úrtaksvigtunargjald fyrir löndun úr frystiskípum | 147 kr. á tonn |

III. KAFLI

**Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.**

19. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

20. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Öll erlend skip sem koma til hafnarinnar skulu hafa innlendan umboðsmann sem er þá einnig ábyrgur fyrir öllum lögboðnum gjöldum og kostnaði sem til fellur vegna þeirra. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

21. gr.

Vörugjöld greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt af afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

22. gr.

Á öll verð skv. verðskrá þessari, nema á farþegagjöld skv. 7. gr. og þjónustu við erlend skip, er lagður 24% virðisaukaskattur sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

IV. KAFLI

**Gildistaka.**

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar er samþykkt af hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar á 188. fundi 30. nóvember 2016 og staðfest í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 1. desember 2016, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004 til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 2017.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá hafna Ísafjarðarbæjar nr. 1191/2015.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 1. desember 2016.

  
Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri.  


